

Samband íslenskra sveitarfélaga

**Ársreikningur
2022**

Samband íslenskra sveitarfélaga
Borgartúni 30
105 Reykjavík
kt. 550269-4739

Efnisyfirlit

Skýrsla og áritun stjórnenda	3	Efnahagsreikningur	7
Áritun óháðs endurskoðanda	4	Sjóðstreymisyfirlit	8
Rekstrarreikningur	6	Skýringar	9

Skýrsla og áritun stjórnenda

Samband íslenskra sveitarfélaga var stofnað árið 1945 og er meginhlutverk þess að vera sameiginlegur málsvári sveitarfélaganna í landinu og að vinna að sameiginlegum hagsmunamálum þeirra og samstarfi. Samtals eru 68 af 69 sveitarfélögum með aðild að sambandinu.

Á árinu 2009 var stofnaður sérstakur tryggingasjóður, Bakhjarl Sambands íslenskra sveitarfélaga, og er gerð nánari grein fyrir honum í skýringu 2.

Ársreikningur Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir árið 2022 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Í ársreikningnum er gerð grein fyrir reikningsskilaaðferðum sem eru þær sömu og á fyrra ári.

Samkvæmt rekstrarreikningi voru rekstrartekjur 921,6 m.kr. á árinu 2022 en rekstrargjöld 911,1 m.kr. Rekstrarafkoma ársins fyrir fjármagnsliði var því jákvæð um 10,5 m.kr. en að teknu tilliti til fjármunatekna og fjármagnsgjalda var afkoma ársins jákvæð um 11,4 m.kr.

Laun og launatengd gjöld samkvæmt rekstrarreikningi námu samtals 585,2 m.kr. Þar af eru laun vegna stjórnar, nefnda og ráða 28,4 m.kr. Ársverk starfsmanna voru 31,1.

Heildareignir sambandsins samkvæmt efnahagsreikningi í árslok 2022 nema 370,4 m.kr. en skuldir námu 153,4 m.kr. Eigið fé samkvæmt efnahagsreikningi nam 217,0 m.kr. í árslok 2022.

Stjórn, framkvæmdastjóri og sviðsstjóri rekstrar- og útgáfusviðs Sambands íslenskra sveitarfélaga staðfesta hér með ársreikning sambandsins fyrir árið 2022 með undirritun sinni.

Reykjavík 28. febrúar 2023

Stjórn:

Heiða Björg Hilmisdóttir

Einar Þorsteinsson

Kjartan Magnússon

Rósa Guðbjartsdóttir

Guðmundur Ari Sigurjónsson

Einar Brandsson

Nanný Anna Guðmundsdóttir

Freyr Antonsson

Sunna Hlín Jóhannesdóttir

Margrét Ólöf A. Sanders

Walter Fannar Kristjánsson

Framkvæmdastjóri:

Karl Björnsson

Sviðsstjóri rekstrar- og útgáfusviðs:

Valur Rafn Halldórsson

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga staðfestir hér með ársreikning Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir árið 2022 með rafrænni undirritun.

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Sambands Íslenskra sveitarfélaga

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Sambands Íslenskra sveitarfélaga („sambandið“) fyrir árið 2022. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu sambandsins 31. desember 2022 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2022, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins í árituninni. Við erum óháð sambandinu í samræmi við gildandi siðareglur fyrir endurskoðendur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstarhæfi sambandsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa sambandið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn og framkvæmdastjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits sambandsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.

- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi sambandsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreiknings eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni haft neikvæð áhrif á rekstrarhæfi sambandsins.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykjavík, 28. febrúar 2023

KPMG ehf.

Lilja D. Karlsdóttir

Rekstrarreikningur ársins 2022

	Skýr.	Ársreikningur 2022	Fjárhagsáætlun 2022	Ársreikningur 2021
Rekstrartekjur:				
Framlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga		608.547.938	572.581.000	515.648.173
Framlag Bakhjarls sambandsins		0	50.000.000	0
Seldar vörur og þjónusta		212.955.811	317.305.000	170.585.539
Aðrar tekjur		100.082.420	113.913.000	162.736.411
	10	921.586.169	1.053.799.000	848.970.123
Rekstrargjöld:				
Laun og launatengd gjöld	11	585.185.461	598.517.000	532.410.641
Annar rekstrarkostnaður	12	322.452.361	449.437.000	289.016.385
Afskriftir	14	3.426.750	2.176.000	2.176.493
		911.064.572	1.050.130.000	823.603.519
Rekstrarafkoma ársins		10.521.597	3.669.000	25.366.604
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):				
Vaxtatekjur		834.742	207.000	181.316
Vaxtagjöld		(2.001)	(5.000)	(7.839)
		832.741	202.000	173.477
Afkoma ársins	16, 20	11.354.338	3.871.000	25.540.081

Efnahagsreikningur 31. desember 2022

Eignir

	Skýr.	2022	2021
Fastafjármunir:			
Varanlegir rekstrarfjármunir:			
65% fasteignarinnar að Borgartúni 30, 5. hæð, Rvk.	6, 14	<u>131.427.490</u>	<u>72.341.397</u>
Áhættufjármunir:			
Eignarhlutir í félögum	7	<u>620.711</u>	<u>620.711</u>
Fastafjármunir samtals		<u>132.048.201</u>	<u>72.962.108</u>
Veltufjármunir:			
Óinnheimtar tekjur og aðrar skammtímakröfur	15	121.121.566	180.759.847
Handbært fé	8	117.244.310	118.399.083
Veltufjármunir samtals		<u>238.365.876</u>	<u>299.158.930</u>
Eignir samtals		<u><u>370.414.077</u></u>	<u><u>372.121.038</u></u>

Eigið fé og skuldir

Eigið fé:

Eiginfjárreikningur	16	<u>216.995.215</u>	<u>155.640.877</u>
---------------------------	----	--------------------	--------------------

Skammtímaskuldir:

Viðskiptaskuldir		38.634.099	112.565.952
Aðrar skammtímaskuldir		114.784.763	103.914.209
Skammtímaskuldir samtals		<u>153.418.862</u>	<u>216.480.161</u>

Eigið fé og skuldir samtals		<u><u>370.414.077</u></u>	<u><u>372.121.038</u></u>
------------------------------------	--	---------------------------	---------------------------

Sjóðstreymisýfirlit árið 2022

	Skýr.	Ársreikningur 2022	Fjárhagsáætlun 2022	Ársreikningur 2021
Rekstrarhreyfingar:				
Afkoma ársins samkvæmt rekstrarreikningi	16	11.354.338	3.151.000	25.540.081
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:				
Afskriftir	14	3.426.750	2.176.493	2.176.493
Veltufé frá rekstri		<u>14.781.088</u>	<u>5.327.493</u>	<u>27.716.574</u>
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:				
Skammtímakröfur lækkun (hækkun)		59.638.281	114.239.760	(110.972.648)
Skammtímaskuldir (lækkun) hækkun		(63.061.299)	(116.766.336)	120.512.416
Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum		<u>(3.423.018)</u>	<u>(2.526.576)</u>	<u>9.539.768</u>
Handbært fé frá rekstri		<u>11.358.070</u>	<u>2.800.917</u>	<u>37.256.342</u>
Fjárfestingarhreyfingar:				
Endurbætur í Borgartúni 30	14	(62.512.843)	0	0
Framlag frá (til) Bakhjarls sambandsins	16	50.000.000	0	(40.000.000)
Stofnfé Jafnlaunastofu sf.	7	0	0	(500.000)
		<u>(12.512.843)</u>	<u>0</u>	<u>(40.500.000)</u>
(Lækkun), hækkun á handbæru fé		(1.154.773)	2.800.917	(3.243.658)
Handbært fé í årsbyrjun		<u>118.399.083</u>	<u>118.399.083</u>	<u>121.642.741</u>
Handbært fé í árslok		<u>117.244.310</u>	<u>121.200.000</u>	<u>118.399.083</u>

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

- 1 Ársreikningur Sambands íslenskra sveitarfélaga er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.
- 2 Á árinu 2009 var stofnaður sérstaktur tryggingasjóður, Bakhjarl Sambands íslenskra sveitarfélaga, til að annast vörslu og ávöxtun þeirra fjármuna sem komu í hlut sambandsins við uppgjör Bjargráðasjóðs á því ári. Markmiðið er að raunvextir fjármuna Bakhjarls, og eftir atvikum höfuðstóll hans, verði á hverjum tíma nýttir til að standa undir lífeyrisskuldbindingum vegna starfsmanna sambandsins og fyrrverandi starfsmanna Bjargráðasjóðs. Einnig er Bakhjarli ætlað að standa á bak við rekstur sambandsins, eins og nafn hans gefur til kynna. Ekki kom til þess að veitt yrði sérstakt rekstrarframlag úr Bakhjarli til sambandsins á árinu 2021, en lífeyrisskuldbinding sambandsins og áhrif af uppgjöri við Brú lífeyrissjóð vegna starfsmanna sambandsins eru færð í bókhaldi Bakhjarls. Gerð eru sérstök reikningsskil fyrir tryggingarsjóðinn.

- 3 Samband íslenskra sveitarfélaga hefur sameiginlegt skrifstofuhald með Lánasjóði sveitarfélaga ohf., samkvæmt sérstökum samningi sem gerður var á árinu 2004. Sambandið og Lánasjóður sveitarfélaga eiga og reka saman skrifstofuhúsnæði á 5. hæð í Borgartúni 30.

Sameiginlegur skrifstofukostnaður samstarfsstofnana á árinu kemur fram í skýringu 13 í ársreikningnum. Til gjalda í rekstri er færð hlutdeild sambandsins í rekstri húsnæðis, en hlutdeild samstarfsstofnana í öðrum rekstrarkostnaði er færð meðal tekna.

Innlausn tekna

- 4 Megintekjustofn sambandsins er framlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og er það fært til tekna mánaðarlega miðað við útborgun sjóðsins. Framlagið byggist á lögum nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga með síðari breytingum og nemur 1,7% af almennu framlagi ríkissjóðs til jöfnunarsjóðsins og 1,7% af hlutdeild jöfnunarsjóðs í útsvarstekjum sveitarfélaga.

Tekjur af sölu vöru og þjónustu eru færðar þegar afhending hefur farið fram og kröfuréttur myndast.

Færsla gjalda

- 5 Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljenda hefur myndast.

Varanlegir rekstrarfjármunir

- 6 Eignarhlutur í fasteign er færður til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til 10% niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími er þannig:

Fasteign 50 ár

Kostnaður vegna endurbóta skrifstofu er eignfærður í rekstrarreikningi.

Eignarhlutir í félögum

- 7 Sambandið á eignarhlut í Endurvinnslunni hf. og er hann færður til eignar í efnahagsreikningi á framreiknuðu kostnaðarverði 89.461 kr. til ársloka 2001. Á árinu 2010 var lagt fram hlutafé í Fræðslumiðstöð atvinnulífsins ehf. að fjárhæð 31.250 kr. og er það fært til eignar í efnahagsreikningi á kostnaðarverði. Á árinu 2021 var lagt fram stofnfé í Jafnlaunastofu sf. að fjárhæð 500.000 kr. og er það fært til eignar í efnahagsreikningi á kostnaðarverði.

Handbært fé

- 8 Sjóðir og bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

Skýringar frh.

Reikningskilaaðferðir frh.

Fjárhagsáætlun

- 9 Fjárhagsáætlun sambandsins fyrir árið 2022 er hluti ársreikningsins og er hún birt í rekstrarreikningi, sjóðstremisýfirliti og skýringum.

Rekstrartekjur

- 10 Rekstrartekjur greinast þannig:

	Ársreikningur 2022	Fjárhagsáætlun 2022	Ársreikningur 2021
Framlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga	608.547.938	572.581.000	515.648.173
Framlag Bakhjarls til sambandsins	0	50.000.000	0
	<u>608.547.938</u>	<u>622.581.000</u>	<u>515.648.173</u>
Seldar vörur og þjónusta:			
Sveitarfélög	141.027.163	245.550.000	117.530.590
Ráðstefnu- og námskeiðsgjöld	23.797.000	23.855.000	7.567.000
Bækur, auglýsingar o.fl.	3.155.167	3.133.000	3.029.520
Samstarfsstofnanir	44.976.481	44.767.000	42.458.429
	<u>212.955.811</u>	<u>317.305.000</u>	<u>170.585.539</u>
Aðrar tekjur:			
Ráðuneyti og ríkisstofnanir	44.447.039	42.193.000	131.736.411
Önnur framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga	32.229.000	35.000.000	31.000.000
Styrkir og endurgreiðslur	23.406.381	36.000.000	0
	<u>100.082.420</u>	<u>113.193.000</u>	<u>162.736.411</u>
Rekstrartekjur samtals	<u>921.586.169</u>	<u>1.053.079.000</u>	<u>848.970.123</u>

Starfsmannamál

- 11 Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

Laun	473.887.333	490.624.000	432.947.559
Launatengd gjöld	108.795.681	109.893.000	96.533.227
Áfallið orlof, breyting	2.502.447	(2.000.000)	2.929.855
	<u>585.185.461</u>	<u>598.517.000</u>	<u>532.410.641</u>
Ársverk starfsmanna	31,1	30,8	29,2

Annar rekstrarkostnaður

- 12 Annar rekstrarkostnaður greinist þannig:

Vörukaup	58.023.399	36.926.000	28.193.042
Þjónustukaup	256.671.528	404.178.000	256.357.511
Skattar og opinber gjöld	6.207.434	6.833.000	3.875.832
Styrkir og framlög	1.550.000	1.500.000	590.000
Annar rekstrarkostnaður samtals	<u>322.452.361</u>	<u>449.437.000</u>	<u>289.016.385</u>

Skýringar frh.

Sameiginlegur kostnaður samstarfsstofnana

- 13 Sameiginlegur kostnaður sambandsins og Lánasjóðs sveitarfélaga ohf., sbr. skýringu 3, nam 205,6 m.kr. á árinu 2022 og skiptist hann þannig:

	Sambandið	Lánasjóður	Samtals
Rekstur húsnæðis	20.860.457	11.232.553	32.093.010
Annar sameiginlegur kostnaður	145.990.850	27.467.004	173.457.854
Samtals	166.851.307	38.699.557	205.550.864
Hlutfall	81,2%	18,8%	100%

Varanlegir rekstrarfjármunir

- 14 Bókfært verð 65% eignarhluta sambandsins í 5. hæð fasteignarinnar að Borgartúni 30 greinist þannig:

Stofnverð 1.1.2022	108.824.660
Afskrifað áður	(36.483.263)
Bókfært verð 1.1.2022	72.341.397
Viðbót á árinu	62.512.843
Afskrifað á árinu	(3.426.750)
Bókfært verð 31.12.2022	131.427.490
Stofnverð 31.12.2022	171.337.503
Afskrifað samtals 31.12.2021	(39.910.013)
Bókfært verð 31.12.2021	131.427.490
Afskriftahlutfall	2%

Fasteignamat eignarhlutans nemur 229,2 m.kr. í árslok 2022.

Brunabótamat eignarhlutans nemur 274,9 m.kr. á sama tíma.

Skammtímakröfur

- 15 Óinnheimtar tekjur og ýmsar skammtímakröfur samkvæmt efnahagsreikningi námu 121,2 m.kr. í árslok 2022. Kröfurnar eru nær eingöngu á opinbera aðila og er því ekki gerð óbein niðurfærsla á kröfunum í árslok.

Eigið fé

- 16 Eigið fé greinist þannig:

Eigið fé 1.1. 2022	155.640.877
Afkoma ársins	11.354.338
Framlag frá Bakhjarli sambandsins	50.000.000
Eigið fé 31.12. 2022	216.995.215

Lykiltölur

17 Helstu lykiltölur:	2022	2021
Veltufjárhlutfall - Veltufjármunir/skammtímaskuldum	1,55	1,38
Eiginfjárhlutfall - Eigið fé/heildarfjármagni	58,6%	41,8%

Kjarasvið - kjaramál

18 Á XXIV. landsþingi Sambands Íslenskra sveitarfélaga sem haldið var á Akureyri í september 2010 var samþykkt að leggja Launanefnd sveitarfélaga niður og fela sambandinu að sinna því hlutverki í kjaramálum sem launanefndin hafði haft frá árinu 1982 þegar hún var stofnuð. Kjarasvið sambandsins hefur yfirumsjón með kjarasamningagerð og framkvæmd kjarasamninga gagnvart viðsemjendum sveitarfélaganna, en stjórn sambandsins setur markmið og mótar stefnu sambandsins í kjaramálum. Sviðsstjóri kjarasviðs og framkvæmdastjóri sambandsins bera síðan ábyrgð á að markmiðum og stefnu sambandsins í kjarasamningagerð sé fylgt. Jafnframt hefur stjórn sambandsins skipað 5 manna kjaramálanefnd til ráðgjafar fyrir sig og starfsmenn kjarasviðs.

Sveitarfélögin endurgreiða sambandinu hluta af kostnaði við kjarasamningagerð og framkvæmd kjarasamninga.

	Ársreikningur 2022	Áætlun 2022	Ársreikningur 2021
Starfsmat:			
Vörukaup	25.251	0	27.470
Þjónustukaup	50.101.908	40.450.000	37.103.123
Samtals kostnaður	50.127.159	40.450.000	37.130.593
Endurgreiðslur sveitarfélaga	(50.127.159)	(40.450.000)	(37.130.593)
Samtals	0	0	0
Kostnaðarhlutdeild:			
Hlutdeild í sérkostnaði kjarasviðs	0	44.000.000	42.000.000
Endurgreiðslur sveitarfélaga	0	(44.000.000)	(42.000.000)
Samtals	0	0	0

19 Viðskiptareikningur sveitarfélaga hjá sambandinu vegna kjaramála greinist þannig:

Staða í ársbyrjun	43.450.582	43.450.582	34.985.220
Starfsmat, sbr. skýringu 18	50.127.159	40.450.000	37.130.593
Kostnaðarhlutdeild, sbr. skýringu 18	0	44.000.000	42.000.000
Reikningsfært á sveitarfélög á árinu	(74.556.157)	(74.000.000)	(70.665.231)
Staða í árslok	19.021.584	53.900.582	43.450.582

Sundurliðun rekstrarreiknings

20 Rekstrartekjur og rekstrargjöld sundurliðast þannig eftir viðfangsefnum í þús.kr.:

	Gjöld	Tekjur	Staða	Fjárhagsáætlun
Sameiginlegar tekjur				
Framlag jöfnunarsjóðs	0	608.548	(608.548)	(572.581)
Framlag Bakhjarls sambandsins	0	0	0	(50.000)
Samtals	0	608.548	(608.548)	(622.581)
Yfirstjórn				
Landsþing	20.709	4.975	15.734	17.070
Sambandsstjórn	32.078	0	32.078	38.261
Siðanefnd	44	0	44	430
Endurskoðun og reikningsskil	2.539	0	2.539	2.500
Aðrar nefndir og sérverkefni	9.123	1.000	8.123	20.470
Innlent samstarf	244	0	244	771
Norrænt samstarf	2.415	0	2.415	2.185
Fulltrúaráð CEMR	2.072	0	2.072	1.980
Sveitastjórnarvettvangur EFTA	564	0	564	895
Annað erlent samstarf	0	0	0	0
Samtals	69.787	5.975	63.812	84.562
Rekstrar- og útgáfusvið				
Sérkostnaður sviðsins	182.196	36.115	146.082	127.835
Samtals	182.196	36.115	146.082	127.835
Hag- og upplýsingasvið				
Sérkostnaður sviðsins	77.494	2.500	74.994	67.544
Upplýsingaveita sveitarfélaga	1.525	0	1.525	1.525
Samtals	79.019	2.500	76.519	69.069
Kjarasvið				
Sérkostnaður sviðsins	133.232		133.232	87.967
Starfsmat	50.127	50.127	0	0
Kjaramálanefnd	403	0	403	875
Samtals	183.763	50.127	133.635	88.842
Próunar- og alþjóðasvið				
Sérkostnaður sviðsins	26.917	2.229	24.688	21.385
Brussel-skrifstofa	22.251	24.000	(1.749)	194
Stafræn framþróun	67.751	68.616	(865)	(1.543)
Stafræn verkefni	18.036	40.000	(21.964)	0
Forvarnarfulltrúi	15.811	16.000	(189)	105
Samtals	150.766	150.845	(79)	20.141

	Gjöld	Tekjur	Staða	Fjárhagsáætlun
Lögfræði og velferðarsvið				
Sérkostnaður sviðsins	141.940	10.686	131.254	126.118
Samstarfsverkefni í úrgangsmálum	49.018	34.894	14.125	6.246
Félagsþjónustunefnd	691	0	691	806
Skipulagsmálanefnd	443	0	443	806
Fræðslumálanefnd	518	0	518	1.129
Samtals	192.611	45.579	147.031	135.105
Ráðstefnur og námskeið				
Ráðstefnur	10.058	13.362	(3.304)	0
Námskeið	4.535	5.460	(925)	0
Samtals	14.593	18.822	(4.229)	0
Útgáfu- og kynningarmál				
Tímaritið Sveitarstjórnarmál	2.397	3.075	(678)	(435)
Upplýsingavefur sambandsins	1.444	0	1.444	1.706
Samtals	3.841	3.075	765	1.271
Hlutdeild í rekstri húsnæðis				
Borgartún 30	32.093	0	32.093	25.268
Hlutdeild samstarfsstofnana	(11.233)	0	(11.233)	(8.844)
Samtals	20.860	0	20.860	16.424
Hlutdeild í famkvæmdum húsnæðis				
Borgartún 30	5.275	0	5.275	72.325
Hlutdeild samstarfsstofnana	(1.358)	0	(1.358)	0
Samtals	3.916		3.916	72.325
Sameiginlegur kostnaður				
Ánnið orlof breyting	2.502	0	2.502	(2.000)
Afskriftir	3.427	0	3.427	2.176
Annar starfsmannakostnaður	3.491	0	3.491	3.144
Staðgr. fjármagnstekjuskattur	183	0	183	14
Þjónustugjöld banka	110	0	110	4
Samtals	9.713	0	9.713	3.338
Alls rekstur	911.065	921.586	(10.521)	(3.669)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld				
Vaxta- og verðbótat. af veltufjm.	0	835	(835)	(207)
Vaxta- og verðbótagj. af skammtsk.	2	0	2	5
Samtals	2	835	(833)	(202)
Alls	911.067	922.421	(11.354)	(3.871)